

Föstudaginn 10. janúar 1992.

Nr. 391/1991: **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Trausta Jónssyni

(Ólafur B. Árnason hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1991. Af hálfu ákærvaldsins er krafist sakfellingar samkvæmt ákæru og refsíákvörðunar ásamt því, að ákærði verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og alls áfrýjunarkostnaðar.

Ákærði krefst sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins.

Samkvæmt frásögn tveggja lögreglumanna voru þeir á ferð norður Fríkirkjuveg í Reykjavík að kvöldi laugardagsins 25. ágúst 1990 í lögreglubifreið, sem búin var ratsjarmælitækjum, er þeir sáu bifreið ákærða ekið suður Lækjargötu á miklum hraða. Kveðast þeir hafa beint ratsjárgeisla að bifreiðinni í þann mund, er hún var stödd á móts við Vonarstræti, og hafi ratsjain sýnt, að ökuhraði hennar væri 75 km miðað við klst. Þeir hafi ekki náð að festa mælitölur á skjá ratsjárinnar, þar sem ákærði hafi dregið snögglega úr hraða bifreiðar sinnar, þegar geisla var beint að henni, en hún reyndist búin ratsjárvara. Ákærði staðfestir, að hann hafi orðið geislans var og stigið á hemla, en synjar fyrir að hafa ekið yfir lögmæltum hámarkshraða í götunni. Frásögnum farþega í bifreið ákærða af atvikinu er lýst í héraðsdómi, og ber þeim ekki saman að öllu leyti.

Ekkert bar í milli bifreiðanna, þegar ratsjarmælingin fór fram, og áttu lögreglumennirnir auðvelt um að snúa bifreið sinni við og stöðva akstur ákærða á Fríkirkjuvegi. Samkvæmt ákvæðum 110. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og 2. mgr. 129. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði verður að telja nægilega fram komið, að ákærði hafi ekið yfir lögleyfðum hraða

í þetta sinn. Þykir ekki varhugavert að álykta, eins og hér stendur á, að ökuhraði hans hafi náð allt að 75 km miðað við klukkustund, svo sem vitnisburður lögreglumannanna gefur til kynna.

Ákærði er þannig sannur að sök um þann verknað, sem lýst er í ákæru. Varðar brot hans við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, eins og þar er tiltekið.

Refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga þykir hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi þriggja daga varðhald í stað sektarinnar, ef greiðsla bregst.

Dæma ber ákærða til að greiða kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Trausti Jónsson, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi þriggja daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð fyrir Hæstarétti, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda fyrir Hæstarétti, Ólafs Birgis Árnasonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 6. september 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir sakadómi Akureyrar með ákæru, út gefinni 18. mars 1991, á hendur Trausta Jónssyni, Hrafnagilsstræti 27, Akureyri, kennitala 171169-5779, „fyrir að aka að kvöldi laugardagsins 25. ágúst 1990 bifreiðinni KD-020 suður Lækjargötu í Reykjavík með allt að 75 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli á móts við Vonarstræti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málsatvik.

Hinn 25. ágúst 1990 stöðvuðu lögreglumennirnir Sveinn Erlendsson og Bjarni Ólafur Magnússon bifreiðina KD-020 í Lækjargötu í Reykjavík, en

ökumaður bifreiðarinnar er ákærði í máli þessu. Töldu lögreglumennirnir sig hafa mælt hraða bifreiðarinnar með ratsjá og hraðinn reynst vera 75 km/klst, en þeim hafi ekki tekist að læsa hraðann inn í ratsjána. Hafa lögreglumennirnir báðir borið fyrir dómi, að ratsjain hafi sýnt framan-greindan hraða á bifreiðinni. Ákærði hefur hins vegar bæði fyrir lögreglu og hér fyrir dómi neitað að hafa ekið umfram leyfilegan hraða í greint sinn, þ.e. 50 km/klst.

Í bifreiðinni með ákærða voru þrír farþegar, sem hafa borið vitni fyrir dómi.

Vitnið Erlendur Þór Ólafsson sat í aftursæti bifreiðarinnar og skýrir svo frá, að ratsjárvari bifreiðarinnar hafi farið í gang og það hafi þá séð, að hraðamælirinn sýndi 50 km/klst. Hafi ákærði þá stigið á hemilinn og hraði bifreiðarinnar farið niður í u.þ.b. 40 km/klst.

Vitnið Arnar Birgisson var einnig farþegi í bifreiðinni. Kveðst vitnið ekki hafa fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar, en kveðst álíta, að hraði bifreiðarinnar hafi verið á bilinu 70-75 km/klst um það leyti, sem lögreglan gaf merki um að nema staðar. Vitni þetta segir, að ratsjárvarinn hafi ekki farið í gang, en sá framburður stangast á við framburð allra hinna.

Vitnið Jóhannes Niels Sigurðsson sat í aftursæti bifreiðarinnar hægra megin. Kveðst vitnið ekki hafa fylgst með hraðamæli bifreiðarinnar á vegarkaflanum, þegar ekið var suður Lækjargötu á móts við Vonarstræti, en það hafi haft á tilfinningunni, að hraði bifreiðarinnar hafi verið 45-50 km/klst, a.m.k. hafi ekki verið um neinn ofsaakstur að ræða hjá ákærða.

Þegar metinn er framangreindur vitnisburður, einkum með tilliti til fram-burðar vitnisins Erlends Þórs Ólafssonar, þykir eigi fyllilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, er í ákæru greinir, og verður hann því sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins í málinu.

Greiða ber sakarkostnað úr ríkissjóði.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Trausti Jónsson, skal vera sýkn af refsikröfu ákæruvalds-ins í máli þessu.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.